# Lestrarstefna Stóru- Vogaskóla

## Lestur – sameiginlegt verkefni heimilis og skóla

Lestur er grunnfærni sem allir þurfa að tileinka sér til þess að geta nýtt upplýsingar, aflað nýrrar þekkingar og notið þeirrar gleði að lesa sér til ánægju.
Yfirleitt gengur nemendum vel að tileinka sér lestur og flestir foreldrar eru vel færir um að styðja barnið við lestrarnámið.
**Það er stefna Stóru–Vogaskóla að allir nemendur nái að lesa sér til gagns og gamans sem fyrst á lestrarferlinum.** Til þess að svo megi verða þurfa allir kennarar skólans ásamt **foreldrum** að stilla saman strengi sína.
Í lestrarkennslunni er áhersla lögð á tæknilestur og þjálfunarlestur.
**Tæknilestur** fer fram í skólanum undir leiðsögn kennara. Í tæknilestri er unnið með lestrartækni og lestrarlag nemenda.
**Þjálfunarlestur** er hægt að nálgast á ólíkan hátt en með honum er áhersla lögð á að þjálfa nemendur í að lesa upphátt og í hljóði sér til gagns og gamans.

FORELDRAR:
**Heimalestur** er þjálfunarlestur, þar fer fram dagleg þjálfun í lestri þar sem nemandi les hæfilega þungan texta upphátt fyrir foreldra sína í a.m.k. 15 mínútur á dag. Foreldri fylgist með að rétt sé lesið, hvetur barnið, hrósar og kvittar fyrir lesturinn. Hér er fyrst og fremst verið að æfa það að lesa upphátt án hnökra.

- Allir nemendur í 1. – 7. bekk og nemendur á unglingastigi sem eru undir viðmiði 2 á Lesfimiprófum eða að mati kennara, lesi daglega heima (5 daga vikunnar).
- Nemendur á yngsta stigi, 1. - 4.bekk, lesa daglega fyrir kennara /stuðningsfulltrúa, þeir nemendur sem eru undir viðmiði 1 á Lesfimiprófum lesi fyrir kennara.
- Kennari athugi lestrarmiða daglega/vikulega í skóla og kvitti fyrir.
- Ef nemandi hefur ekki lesið heima er skráð í Mentor - ,,ólesinn“
- Umsjónarkennari hafi samband við foreldra ef lestri er ekki nægilega vel sinnt, skv. heimanámsstefnu.
- Umsjónarkennari geri reglulega könnun hjá hverjum nemanda hve margar mínútur hann les að jafnaði heima.

Sýnishorn af heimalestramiða er aftast í þessu skjali.

**Yndislestur** er þjálfunarlestur þar sem nemandi les daglega í hljóði heima og í skólanum. Nemandi velur bók í samráði við kennara/foreldra og les sér til ánægju. Yndislestri er ætlað að auka orðaforða nemenda og víkka sjóndeildarhring þeirra. Á meðan nemandi hefur ekki náð tökum á lestri er mikilvægt að foreldrar lesi daglega fyrir hann, ræði efni og útskýri torskilin orð.
**Bókasafn skólans, sem einnig er almenningsbókasafn,** er nemendum opið bæði á skólatíma og utan hans, á opnunartíma safnsins. Starfsmenn safnsins aðstoða og ráðleggja eftir þörfum og

samkvæmt beiðni kennara. Safnið stendur fyrir lestrarátökum, a.m.k. tveimur á fyrri önn og tveimur á seinni önn fyrir 1.-6. bekk og einu á hvorri önn fyrir 7.-10. bekk. það getur verið draugaþema, jólaþema, Disneyþema o.fl.
**Faglestur –** Allir nemendur þurfa að geta lesið fyrirmæli og námsbækur sér til gagns, gamans og skilnings. Það er hluti af lesskilningi að lesa fyrirmæli og þarf að æfa þennan þátt sérstaklega í tímum hjá öllum kennurum. Nemendur sem eiga í lestrarvanda þurfa að reiða sig á hljóðbækur og aðstoð foreldra.
**Upplýsingalæsi –** Þjálfun í að lesa töflur, gröf og skrár. Auglýsingar og annað efni sem ætlað er að hafa áhrif á okkur sem neytendur.
**Upplestur –** t.d. samverur, upplestrarkeppnir, félagalestur, **lestur í nestistíma**. Í upplestri er áhersla lögð á að nemendur lesi hátt og snjallt fyrir hver annan.

## Lestraraðferðir og áherslur

Í upphafi lestrarkennslunnar er **hljóðaaðferðin** lögð til grundvallar. Unnið er með umskráningu (hljóðkerfisvitund), lesfimi, orðaforða og lesskilning. Í hverjum árgangi er unnið út frá getu og þörfum hvers barns.
**Pör að læra saman** er lestrarþjálfunaraðferð sem notuð er frá og með 1. bekk eftir þörfum.
**Yndislestur:** Nemendur og **kennarar** lesa einstaklingslega í bókasafnsbókum eða öðrum valbókum í 10-15 mínútur í senn í upphafi skóladags hjá umsjónarkennara a.m.k. 3var sinnum í viku í öllum árgöngum. Barn sem sér samnemendur, kennara og foreldra skemmta sér yfir bók, fær þau skilaboð að bækur séu skemmtilegar.
**Upplestur:** Nemendur fá tækifæri til að lesa eigin texta upphátt fyrir félagana. Þau hlusta á lestur framhaldssögu og vandaðan upplestur af diskum eða hljóðskrám.
**Orð af orði:** er hluti af lestrarstefnu skólans. Með þessari nálgun er leitast við að styrkja orðaforða og málskilning nemenda, þjálfa sundurgreiningu orða, vinna með texta og afla upplýsinga úr textum.
**Orðaforði og málskilningur:** Texti sem nemendum er ókunnugur er lesinn og orð og orðtök skýrð. Í tengslum við þessa vinnu má einnig þjálfa ritun nýrra orða.
**Upplýsingalæsi:** Gröf, töflur, dagskrár, auglýsingar, ferðaáætlanir o.s.frv.

**Lestrarpróf:** Hraðapróf eru lögð fyrir frá og með 1. bekk. Talin eru orð á mínútu. Skólinn notar matstækið Lesferill sem gefið er út af Menntamálastofnun. Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Lestrarprófin sem nýtt eru við lestrarprófun í skólanum eru stöðluð lesfimipróf, nefnuhraðapróf ásamt orðaforða- og orðleysuprófi.
**Ath.: Aðeins þeir sem umsjónarkennari/sékennari meta að þess þurfi fara í orðaforða/orðleysupróf**

**Tafla 1.** Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

| Aldur nemenda | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|---|---|---|---|
| 1. bekkur | 20 | 55 | 75 |
| 2. bekkur | 40 | 85 | 100 |
| 3. bekkur | 55 | 100 | 120 |
| 4. bekkur | 80 | 120 | 145 |
| 5. bekkur | 90 | 140 | 160 |
| 6. bekkur | 105 | 155 | 175 |
| 7. bekkur | 120 | 165 | 190 |
| 8. bekkur | 130 | 180 | 210 |
| 9. bekkur | 140 | 180 | 210 |
| 10. bekkur | 145 | 180 | 210 |




- **Viðmið 1:** Stefnt er að því að 90% nemenda nái viðmiðinu.




- **Viðmið 2:** Stefnt er að því að 50% nemenda nái viðmiðinu.




- **Viðmið 3:** Stefnt er að því að 25% nemenda nái viðmiðinu.

**Lestur og ritun:** Tengsl lesturs og ritunar eru óumdeilanleg. Á yngsta stigi er notast við aðferðina u.þ.b. 4 orð á dag lesin (af foreldri/forráðamanni) og rituð heima í þar til gerða bók.
**Flokkun lestrarefnis:** Til hægðarauka fyrir kennara er námsefni flokkað miðað við námsár nemenda. Einnig eru sett fram lestrarviðmið hvers árgangs ásamt skimunum og úrræðum ef lestrarviðmið nást ekki og/eða nemandi nær meiri færni en lestrarviðmið gera ráð fyrir.
**Framsögn/lestrarlag:** Unnið jöfnum höndum yfir allt skólaárið. Notast við viðmið um lestrarlag frá Menntamálastofnun-skólagátt.

# Tímasetning lestrarprófa og skimana, ásamt lestrarviðmiðum og öðru læsi

**1. námsár**

| Lestrarbækur | Flokkur skv. MMS | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur í samráði við bókasafnsfræðing. | 1.fl. Listin að lesa og skrifa ásamt viðbættum bókum í lestrarflokka. | • Lestrarlandið<br>• Við lesum A (til upprifjunar) | • Verkefni skv. handbók Leið til læsis. Í tengslum við niðurstöður Lesferils.<br>• Kórlestur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| **sept.**<br><br>Sérkennari<br>Umsjónarkennari<br>Lestrart.(einn aðili) | • Stafakönnun (við upphaf formlegrar lestrarkennslu)*<br>• Sjónrænn orðaforði<br>• Stafakönnun<br>• Orðleysur jan-maí<br>• Lesfimipróf | Bókstafsheiti – hástafir, Bókstafsheiti og hljóð – lágstafir, Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra.<br>Hljóðgreining – bókstafir, hljóð og tenging.<br>Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| **Október**<br>Sérkennari<br>Umsjónarkennari | lesskimun | Hljóðkerfisvitund, lesskilningur, orðaforði, umskráning |
| **janúar**<br>Lestrart.(einn aðili) | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| **mars**<br>Umsj.k/sérk, | Stafakönnun (við lok stafainnlagnar)* | Bókstafsheiti – hástafir, Bókstafsheiti og hljóð – lágstafir, Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra. |
| **maí**<br>Lestrart.(einn aðili) | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |

**Viðmið í lestri**

| 1. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 3x hverja bls. | |
| janúar | 3x hverja bls. | 23 |
| vor | 3x hverja bls. | 55 |

*Sama könnun.

**2. námsár**

| Lestrarbækur | Flokkur skv. MMS | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samvinnu við bókasafnsfræðing. | 1-4. fl. o.s.frv.<br>Ásamt viðbættum bókum í lestrarflokka. | • Alli Nalli<br>• (Við lesum B)<br>• Bras og þras á Bunulæk + vinnubækur | • Stundaskrár<br>• Matseðlar<br>• Kórlestur 2x í viku, okt-des., feb.-mars |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| sept.<br>Lestrart.(einn aðili) | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | Stafakönnun | Bókstafsheiti – hástafir, Bókstafsheiti og hljóð – lágstafir, Ritun bókstafstákna út frá hljóði þeirra. |
| Janúar<br>Lestrart.(einn aðili) | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Maí<br>Lestrart.(einn aðili) | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| sept.-jan.-maí<br>Umsjónark./sérk. | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

**Viðmið í lestri**

| 2. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 3x hver bls. | 50 |
| janúar | 2x hver bls. | 70 |
| vor | 2x hver bls. | 85 |

**3. námsár**

| Lestrarbækur | Flokkur skv. MMS | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við bókasafnsfræðing. | 1, 2, 3, 4, 5, o.s.frv. Ásamt viðbættum bókum í lestrarflokka og á bókasafni. | • Hrafninn<br>• Tunglið<br>• Hvalir<br>• Ævintýri í Ingólfsfjalli-Sestu og lestu | • Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Æfingatöflur<br>• Áætlanaferðir<br>• Lestrarkassinn |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | Lesskilningur | Orðarún 1 |
| Janúar-feb. | Lesfimipróf | Logos<br>Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | Lesskilningur | Orðarún 2 |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

**Viðmið í lestri**

| 3. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 2x hver bls. | 85 |
| janúar | 1x hver bls. | 80 |
| vor | 1x hver bls. | 100 |

**4. námsár**

| Lestrarbækur | Flokkur skv. MMS | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við bókasafnsfræðing og eftir áhugasviði nemenda. | Allir flokkar og bókasafnsbækur. | • Hrafninn<br>• Tunglið<br>• Hvalir | • Litla upplestrarkeppnin<br>• Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Súlurit<br>• Lestrarkassinn<br>• Forspá |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | Lesskilningur | Orðarún 1 |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | Lesskilningur | Orðarún 2 |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

**Viðmið í lestri**

| 4. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 90 |
| janúar | 1x hver bls. | 100 |
| vor | 1x hver bls. | 120 |

**5. námsár**

| Lestrarbækur | Flokkur skv. MMS | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við bókasafnsfræðing og eftir áhugasviði nemenda. | Allir flokkar og bókasafnsbækur. | • Leitin að haferninum-Sestu og lestu<br>• Benjamín dúfa<br>• Orðspor 1 | • Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Lestrarkassinn<br>• Forspá |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | Lesskilningur | Orðarún 1 |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | | Orðarún 2 |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 5. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 110 |
| janúar | 1x hver bls. | 130 |
| vor | 1x hver bls. | 140 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

**6. námsár**

| Lestrarbækur | Bækur | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við bókasafnsfræðing og eftir áhugasviði nemenda. | Bókasafnsbækur | • Mei mí beibísitt?<br>• Vélmennið í grasinu-Sestu og lestu<br>• Orðspor 2<br>• Bók að vali kennara | • Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Lestrarkassinn<br>• Framsögn<br>• Hraðlestrarnámskeið 8 vikur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Okt-nóv | | Orðarún 1<br>Logos |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | | Orðarún 2 |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 6. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 130 |
| janúar | 1x hver bls. | 140 |
| vor | 1x hver bls. | 155 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

**7. námsár**

| Lestrarbækur | Bækur | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við bókasafnsfræðing og eftir áhugasviði nemenda. | Bókasafnsbækur | • Mei mí beibísitt?<br>• Vertu ósýnilegur (samþætting við samfélagsfræði)<br>• Orðspor 3<br>• Fimbulvetur | • Ljóð<br>• Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Stóra upplestrarkeppnin<br>• Hraðlestrarnámskeið 8 vikur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | | Orðarún 1 |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | | Orðarún 2 |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 7. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 145 |
| janúar | 1x hver bls. | 155 |
| vor | 1x hver bls. | 165 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

**8. námsár**

| Lestrarbækur | Bækur | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við kennara og bókasafnsfræðing og áhugasviði nemenda. | Bókasafnsbækur og smábækur MMS. | • Tungutak 1 - lestextar<br>• Er ekki allt í lagi með þig?<br>• Smásagnasmáræði<br>• Bók að vali kennara | • Ljóð<br>• Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Hraðlestrarnámskeið 8 vikur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | | Orðarún 1 |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| apríl-maí | | Orðarún 2<br>Logos |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 8. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 155 |
| janúar | 1x hver bls. | 170 |
| vor | 1x hver bls. | 180 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

**9. námsár**

| Lestrarbækur | Bækur | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við kennara og bókasafnsfræðing og áhugasviði nemenda. | Bókasafnsbækur og smábækur MMS. | • Tungutak 2 – lestextar<br>• Mýrin<br>• Akam, ég og Annika (samþætting við samfélagsfræði)<br>• Hauslausi húsvörðurinn<br>• Smásagnasmáræði<br>• Bók að vali kennara | • Ljóð<br>• Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Hraðlestrarnámskeið 8 vikur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun/Próf |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| október | Lesskilningspróf | Lesskilningur – Skólavefurinn/Bleika bókin |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | Lesskilningspróf | Lesskilningur – Skólavefurinn/Bleika bókin<br>Samræmt könnunarpróf |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 9. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 180 |
| janúar | 1x hver bls. | 180 |
| vor | 1x hver bls. | 180 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

**10. námsár**

| Lestrarbækur | Bækur | Grunnbækur | Annað læsi |
|---|---|---|---|
| Bókasafnsbækur valdar í samráði við kennara bókasafnsfræðing og áhugasviði nemenda. | Bókasafnsbækur og smábækur MMS. | • Tungutak 3 - lestextar<br>• Englar alheimsins<br>• Smásagnasmáræði<br>• Handrit fyrir árshátíð | • Ljóð<br>• Orðaforði<br>• Lesskilningur<br>• Hraðlestrarnámskeið 8 vikur |

**Kannanir og skimanir**

| Fyrirlögn | Könnun | Skimun/Próf |
|---|---|---|
| Sept. | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| janúar | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| mars | Lesskilningspróf | Lesskilningur – Skólavefurinn/Bleika bókin |
| maí | Lesfimipróf | Lesfimi -hraðlestrarpróf |
| Sept.-jan.-maí | • Sjónrænn orðaforði<br>• Orðleysur | Nemendur undir viðmiði 1 á lesfimiprófi |

***Viðmið í lestri**

| 10. bekkur | Hversu oft lesið heima | Orð á mínútu í aldurssvarandi texta |
|---|---|---|
| haust | 1x hver bls. | 180 |
| janúar | 1x hver bls. | 180 |
| vor | 1x hver bls. | 180 |

*Ef nemandi er undir viðmiði les hann oftar og nýtir sér hljóðbækur.

## Hvað ef nemandi nær ekki lestrarviðmiði?

Það er stefna Stóru-Vogaskóla að grípa til snemmtækrar íhlutunar hjá nemendum sem samkvæmt skimunum „Leið til læsis“, lesferilsprófum, eru undir viðmiði 1. Gera má ráð fyrir að einhverjir nemendur í hverjum árgangi falli þar undir.

**1. bekkur –** Í upphafsskimun Lesferils er könnuð stafaþekking, hljóðkerfisvitund og málskilningsþættir. Bekkjarkennari fær niðurstöðurnar í hendur og vinnur út frá þeim með bekkinn í ólíkum hópum. Kannað er hvort þau börn sem þurfa talkennslu njóta hennar. Þau börn sem mælast í áhættuhóp 1 - 2 eru skoðuð sérstaklega og fá sérkennslu frá og með áramótum og fyrr ef brýn þörf er á.

**2. bekkur –** Þeir nemendur sem mælast undir viðmiðum 1 Lesferils fá aukna lestrarþjálfun og vinnu með hljóðkerfisvitund o.fl. hjá sérkennurum. Áhersla á samvinnu við heimili og umsjónarkennara.

**3. - 10. bekkur –** Viðbótarþjálfun hjá sérkennurum/íslenskukennurum hjá þeim nemendum sem ekki ná viðmiðum 1 í lestri. Áhersla á samvinnu við heimilin og umsjónarkennara.

Allir nemendur í 3., 6. og 8. bekk fara í Logos-lesskimun á skólaárinu og nánari Logos greiningu ef þörf krefur. <u>Mikilvægt er að nemendur í lestrarvanda læri að nýta sér hljóðbækur og allt tiltækt hjálparefni.</u>

Nemendur í lestrarvanda þurfa meiri og markvissari lestrarþjálfun en aðrir. Nemandi sem er greindur með dyslexíu er **ekki** undanþeginn lestri. Hins vegar á hann rétt á að nýta sér hljóðbækur. **Mikilvægt er að foreldrar þessara nemenda styðji á öflugan hátt við börnin með því að lesa fyrir þau texta og ræða við þau um inntak efnis**.

## Samvinna grunnskóla og leikskóla

Í nokkur ár hefur það tíðkast að skólahópur leikskólans heimsæki Stóru-Vogaskóla, skoði skólahúsnæðið og sitji tíma hjá 1. bekk í einn dag. **Mikilvægt er að tryggja samstarf** með fundum lestrarkennara og leikskólakennara. Að hóparnir ræði saman um starfshætti og vinnubrögð og hvernig þessar tvær stofnanir geta samhæft sig til að koma betur til móts við þarfir nemenda.

# Heimalestur

# ?. bekkur



Nafn: ______________________

| Dags. | Heiti bókar | Bls. | Hve oft lesið heima, hver hlustar? | Í skóla, hver hlustar? |
|---|---|---|---|---|
| **23. – 27. ágúst** | | | | |
| mánudagur | | | | |
| þriðjudagur | | | | |
| miðvikudagur | | | | |
| fimmtudagur | | | | |
| föstudagur | | | | |
| laugardagur | | | | |
| sunnudagur | | | | |
| **30. ágú. – 3. sept.** | | | | |
| mánudagur | | | | |
| þriðjudagur | | | | |
| miðvikudagur | | | | |
| fimmtudagur | | | | |
| föstudagur | | | | |
| laugardagur | | | | |
| sunnudagur | | | | |
| **6. – 10. sept.** | | | | |
| mánudagur | | | | |
| þriðjudagur | Dagur stærðfræðinnar | | | |
| miðvikudagur | | | | |
| fimmtudagur | | | | |
| föstudagur | | | | |
| laugardagur | | | | |
| sunnudagur | | | | |

Lesa upphátt 15 mínútur á dag að lágmarki 5x í viku
og kvitta fyrir lesturinn.

**Til að auka orðaforða og rétta stafsetningu.** Þetta er gert að minnsta kosti einu sinni í viku eða oftar.

- Sá sem hlustar á nemandann lesa velur orð úr textanum og segir orðið hátt og skýrt
- Nemandinn skrifar orðið í fyrsta dálkinn og reynir að skrifa það rétt
- Ef nemandinn skrifar orðið **rangt** þá skrifar sá sem hlustar orðið rétt í miðjudálkinn
- Nemandinn skrifar orðið aftur í þriðja dálkinn og skrifar það rétt
- Ef nemandinn skrifar orðið rétt í fyrsta dálkinn fær hann litla stjörnu eða plús í þriðja dálkinn og skrifar orðið ekki aftur
- Ef orðið er framandi er tækifæri til að ræða um það og merkingu þess

| Nemandinn | Sá sem hlustar | Nemandinn |
|---|---|---|
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |
| | | |

Lesferill

MENNTAMÁLASTOFNUN

# Matsrammi fyrir lesfimi

| | Framúrskarandi færni – 4 stig | Góð færni – 3 stig | Á réttri leið – 2 stig | Þarfnast þjálfunar – 1 stig |
|---|---|---|---|---|
| **Tjáning**<br>✓ Tjáning fellur að merkingu<br>✓ Raddstyrkur, hljómfall og raddblær við hæfi<br>✓ Lestur öruggur<br>✓ Lestur hljómar eðlilega | • Les textann með góðri tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær í samræmi við merkingu texta.<br>• Lestur öruggur.<br>• Lestur hljómar eðlilega og er auðskiljanlegur.<br>☐ | • Les yfirleitt með góðri tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær stundum í samræmi við merkingu texta.<br>• Lestur yfirleitt öruggur.<br>• Lestur hljómar yfirleitt eðlilega og er auðskiljanlegur.<br>☐ | • Reynir að lesa með tjáningu; hljómfall, raddstyrkur og raddblær sjaldan í samræmi við merkingu texta.<br>• Lestur óöruggur og raddstyrkur lítill.<br>• Einbeitir sér fyrst og fremst að því að lesa orðin rétt.<br>☐ | • Hugar nær ekkert að tjáningu texta við lestur.<br>• Raddstyrkur lítill og lestur eintóna.<br>• Les orðin að því er virðist til þess eins að koma þeim frá sér.<br>☐ |
| **Sjálfvirkni lestrar**<br>✓ Lestur sjálfvirkur<br>✓ Lestur áreynslulaus<br>✓ Leshraði hæfir texta | • Lestur sjálfvirkur; nemandi les nær öll orð án umhugsunar og áreynslulaust.<br>• Les á stöðugum talmálshraða og leshraði í samræmi við eðli texta.<br>• Lesin orð á mínútu á eða yfir V2 fyrir árgang.<br>☐ | • Lestur að mestu sjálfvirkur; nemandi les flest orð án umhugsunar og áreynslulaust.<br>• Óregla í hraða lestrar þar sem talmálshraði og hægur lestur skiptast á.<br>• Lesin orð á mínútu milli V1 og V2 fyrir árgang en nær V2 en V1.<br>☐ | • Lestur ósjálfvirkur og nemandi þarf að gera hlé á lestri til að þekkja orð.<br>• Lestur fremur hægur.<br>• Lesin orð á mínútu milli V1 og V2 fyrir árgang en nær V1 en V2.<br>☐ | • Les nær engin orð á sjálfvirkan hátt og verður að gera mörg hlé á lestri til að kveða að orðum.<br>• Lestur mjög hægur og áreynslumikill.<br>• Lesin orð á mínútu undir V1 fyrir árgang.<br>☐ |
| **Hljómfall og hendingar**<br>✓ Hendingar hæfilega langar<br>✓ Lestrarhlé og hljómfall í samræmi við greinar-merkjasetningu<br>✓ Lestur áheyrilegur | • Les nær alltaf í viðeigandi hendingum og setningarhlutum.<br>• Hugar að hljómfalli og lestrarhlé í samræmi við greinarmerkjasetningu.<br>☐ | • Mótun hendinga yfirleitt góð en lestur stundum rykkjóttur.<br>• Hugar að hljómfalli og lestrar-hlé yfirleitt í samræmi við greinarmerkjasetningu.<br>☐ | • Les oft í tveggja til þriggja orða hendingum.<br>• Lestur rykkjóttur.<br>• Hljómfall sjaldan eðlilegt og gerir hlé á lestri við greinarmerki.<br>☐ | • Les oft orð fyrir orð, lestur eintóna og lítil tilfinning fyrir mörkum hendinga.<br>• Hljómfall óeðlilegt og lestrarhlé við greinarmerki löng.<br>☐ |
| **Flæði**<br>✓ Flæði gott og lestur fyrirhafnarlaus<br>✓ Lestur nákvæmur<br>✓ Lítið um hik<br>✓ Nemandi leiðréttir sig | • Nær öll orð rétt lesin.<br>• Flæði gott og fá hik í lestri.<br>• Á í litlum erfiðleikum með að lesa löng og sjaldgæf orð eða flóknar málsgreinar og leiðréttir sig strax.<br>☐ | • Flest orð rétt lesin.<br>• Flæði yfirleitt gott en stöku hik í lestri.<br>• Á sjaldan í erfiðleikum með lestur langra og sjaldgæfra orða og flókinna málsgreina. Erfiðleikar hindra heilt á litið ekki flæði texta.<br>☐ | • Á í erfiðleikum með að lesa sum orð rétt.<br>• Hikar þegar löng og sjaldgæf orð koma fyrir sem hefur áhrif á heildarflæði textans.<br>☐ | • Þarf mikla aðstoð vegna ónákvæms lestrar (t.d. lestrarhlé löng, erfiðleikar við að hefja lestur málsgreina og gerir tilraunir til að hljóða sig í gegnum orð).<br>• Áttar sig ekki á villum sem hann/hún gerir.<br>☐ |

Úr The *Megabook of fluency* eftir T. Rasinski og M. Cheesman Smith (2018). N.Y.: Scholastic. Þýtt með leyfi T. Rasinski, 2020.

Lesferill | 02002 | © Menntamálastofnun 2020

## Til foreldra og forráðamanna

Matsrammanum er ætlað að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi. Matsramminn lýsir því jafnframt vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi.

Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) Tjáning, b) Sjálfvirkni lestrar eða leshraða, c)Hljómfall og hendingar og d) Flæði. Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi.

Ramminn sýnir glöggt að leshraði og nákvæmni, sem mæld eru í lesnum orðum á mínútum á lesfimiprófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfa og meta alla þætti lesfiminnar.

Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi. Þess vegna er mikilvægt að kenna og þjálfa lesfimi markvisst og vel.

Þegar kennari hefur lokið við matið má senda það heim svo nemendur og forráðamenn geti farið saman yfir það og rætt stöðuna. Hafa þarf í huga aldur og þroska nemanda þegar frammistaða hans er rædd, að leggja áherslu á það sem vel er gert og muna að framfarir eru ekki síst háðar góðri lestrarkennslu í skóla, reglubundinni þjálfun heima og tækifærum til að iðka lestur og njóta í margvíslegum tilgangi. Hér eru dæmi um spurningar sem hægt er að ræða:

- Hvað gekk vel hjá mér?
- Hvar þarf ég að bæta mig?
- Hvað þarf ég að gera til að bæta árangur minn?
- Hvaða markmið get ég sett mér fyrir næsta lesfimimat?

## Læsisvefurinn (www.laesisvefurinn.is)

Á *Læsisvefnum* má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um lesfimi.

## Kvarði

Þegar mat fer fram hakar kennari í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemandans á hverjum matsþætti fyrir sig.

Nemandi getur fengið á bilinu 4–16 heildarstig úr rammanum og raðast hann inn á bil sem sjást hér fyrir neðan. Nemandi sem fær átta stig úr rammanum fær þá umsögnina *Lesfimi nemanda er á réttri leið en þjálfa þarf einstaka þætti hennar betur*.

| Fjöldi stiga | Umsögn |
|---|---|
| 4–6 stig | Nemandi þarf þjálfun í flestum þáttum lesfiminnar. |
| 7–11 stig | Lesfimi nemanda er á réttri leið en þjálfa þarf einstaka þætti hennar betur. |
| 12–16 stig | Nemandi hefur náð fullnægjandi tökum á lesfimi út frá viðmiðum fyrir aldur. |

## Mat á lesfimi

| | |
|---|---|
| Dagsetning mats | |
| Bekkur | |
| Nafn | |
| Stigafjöldi | |
| Mér sýnt/kvittað | |

Lesfeill | 02002 | © Menntamálastofnun 2020

# Lestrarráðleggingar til foreldra

*Ef barn er áhugasamt og gengur vel að lesa er staðan góð.*
*Ef barn er ekki áhugasamt má nota einhverjar af eftirfarandi aðferðum til hvatningar við lesturinn. Áhugi foreldra skiptir öllu máli.*

- ✓ Lesa á fjölbreyttum stöðum (undir teppi með vasaljós, undir borði…..)
- ✓ Lesa á sama tíma á sama stað (hentar sumum betur)
- ✓ Línu/punkta lestur. Skiptast á niður blaðsíðuna lesa sitthvora línuna, sitt hvora blaðsíðuna og síðan lesa aftur, víxla þá.
- ✓ Samlestur – barn hlustar eða les fyrst, síðan foreldri. Jafnvel að barn fylgist með og lesi ákveðin orð og foreldri ákveðin orð.
- ✓ Lesa yfir kakóbolla, góðum kaffibolla.
- ✓ Lesa fyrir tuskudýr,
    - ❖ lesa fyrir gæludýr
    - ❖ lesa fyrir afa og ömmu
    - ❖ lesa fyrir einhvern í gegnum skjá (skype, messenger o.frv).
    - ❖ taka upp lestur og sjá sig lesa, hlusta á sig, taka svo kannski upp aftur ef maður er ekki sáttur
- ✓ Keppnislestur, taka tíma. Lesa í eina mínútu og merkja hversu langt barn kemst. Endurtaka og sjá hvort barnið lesi lengra í annað sinn. Endurtaka í þriðja sinn.